

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 24. maí 2022
UST202205-025/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Krókur - Flóahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 3. maí sl. þar sem óskað er umsgagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Krók í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram tillagan gerir ráð fyrir níu lóðum á 3,9 ha landspildu úr landi Króks. Auk þess kemur fram að af þessum níu lóðum eru byggingar á fjórum og gert er ráð fyrir byggingum á tveim til viðbótar. Skipulagið gerir ráð fyrir íbúðarhúsi og aukahúsi á hverjum byggingarreit að byggingarreit sex undanskildum, en þar er skemma og er nýtingarhlutfall þess reitar fullnýtt.

Jarðminjar

Klettarnir fyrir ofan byggingarreitina eru hluti af svokölluðu Þjósárhrauni sem fellur undir sérstaka vernd, 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að sett séu skilyrði um verndun jarðmyndana í greinargerð.

Fráveita

Í greinargerð segir að frárennsli frá byggingum skuli leitt í rotþrær. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að þar sem talað er almennt um hreinsun fráveituvatns, ætti frekar að nota orðið fráveita í stað rotþróar þar sem rotþró er aðeins einn hluti hreinsunar og er ekki nægjanleg sem hreinsun frá einstaka húsum. Þá ætti að tala um rotþró og siturlögn eða það sem betra er, hreinsivirki (eins og í skýringum uppdráttar) sem nær yfir allan búnað til hreinsunar á skólpi.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur